

Í aðdraganda kosninga

Þorbjörn Jónsson

sérfræðingur í ónæmisfræði og blóðgjafarfræði

Formaður Læknafélags Íslands

thorbjor@landspitali.is



Góð heilsa er gulli betri. Án góðrar heilsu er erfitt að njóta lífsins til fulls. Fyrir síðustu kosningar voru heilbrigðismál í sviðsljósinu og eitt af megin stefnumálum flestra flokka. Eftir kosningar hefur sumum þótt skorta á að efndir fylgdu að fullu gefnum fyrirheitum.

Það er nauðsynlegt að geta litið fram á veg þegar kemur að skipulagi heilbrigðiskerfisins og úthlutun fjármuna til þess rekstrar. Óstöðugleiki og illa ígrundaðar skyndiákvæðanir hæfa illa. Við þekkjum það því miður of vel hvernig nýjar og óvæntar kröfur um sparnað og niðurskurð dundu á heilbrigðiskerfinu ár hvert í kjölfar bankahrunsins. Slíka óvissutíma viljum við ekki sjá aftur.

Um miðjan ágúst samþykkti ríkisstjórnarmeirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks á Alþingi nýja ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2017 til 2021. Stjórnarandstöðuflokkarnir voru einhuga í andstöðu sinni við hina nýju áætlun. Þótt ríkisfjármálaáætlun sé ekki ígildi fjárlaga er hún vissulega leiðarljós um það hvert stefna skuli á næstu árum. Þegar framtíðarstefna er mótuð í mikilvægum málaflokkum, svo sem heilbrigðismálum, er nauðsynlegt að um hana sé breitt samkomulag milli ólíkra stjórn málafla.

Það er ekki nóg að krefjast aukinnar skilvirkni með kröfum um aukin afköst

heilbrigðisstarfsmanna, það þarf að auka raunfjárframlög til heilbrigðismála. Með öðrum orðum þarf að setja heilbrigðismálin frammar í forgangsröðina þegar skatttekjum ríkissjóðs er skipt. Það er almennur vilji Íslendinga að hlutfallslega meiri fjármunum verði varið til heilbrigðismála. Íslendingar hafa undanfarin ár varið liðlega 8,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) til heilbrigðismála. Kári Stefánsson læknir gekkst fyrir undirskriftasöfnun þar sem mælt var til þess að 11% af VLF færu til heilbrigðismála. Undir þessa áskorun skrifuðu 87.000 kosningabærir Íslendingar.

Íslenskt heilbrigðiskerfi stendur frammi fyrir mörgum áskorunum á komandi árum. Þeirra á meðal eru breytt aldurs-samsetning íslensku þjóðarinnar með hlutfallslegri fjölgun aldraðra, aukin þjónustuþörf, vaxandi óskir almennings um gott aðgengi og örugga heilbrigðisþjónustu. Nýjar læknismeðferðir sem geta verið afar kostnaðarsamar hafa komið fram, auk þess sem við búum við samkeppni frá útlöndum um hæfasta starfsfólkið. Þessu til viðbótar er nauðsynlegt að lækka kostnað sjúklinga við að nýta sér þjónustu heilbrigðiskerfisins. Nú borga sjúklingar úr eigin vasa 18% af þeim heildarfjármunum sem varið er til heilbrigðismála. Alvarleg veikindi eru högg fyrir hvern sem fyrir slíku verður og ótækt er að þungur fjárhagslegur baggi leggist þar á ofan.

Eins og að framan greinir hefur verið samþykkt ný ríkisfjármálaáætlun til næstu 5 ára. Vissulega má lesa ýmislegt jákvætt út úr henni. Nokkur atriði má tiltaka:

- Byggingarframkvæmdir við meðferðarkjarna Landspítala verði boðnar út árið 2018 og framkvæmdir verða komnar á skrið frá og með árinu 2019.
- Bætt verður aðstaða við sjúkrahúsið á Akureyri með nýrri legudeild.

- 1,8% af veltu verður ætluð til viðhalds og tækjakaupa.
- Heilsugæslan verður styrkt og eflað sem fyrsti viðkomustaður innan heilbrigðisþjónustunnar.

Þegar útgjaldarammi ríkisfjármálaáætlunar er skoðaður verður maður hins vegar eilítið hugsí. Að neðan má sjá skiptingu heilbrigðisútgjalda eftir útgjaldasviðum og hvernig gert er ráð fyrir að útgjöldin þróist á næstu 5 árum. Allar tölur í töflunni eru á verðlagi ársins 2016 (í milljónum króna).

Þannig má sjá að árið 2017 er gert ráð fyrir að liðlega 176 milljarðar af tæplega 600 (29,5%) fari til allra heilbrigðismála borið saman við liðlega 200 af 661 milljarði árið 2021 (30,3%).

Áætlað er að flestir liðir tengdir heilbrigðisþjónustu standi hlutfallslega í stað nema sjúkrahúsaþjónusta (liður 23). Hækkun á þeim lið skýrist hins vegar líklega að mestu af fjárfestingum í hönnun og nýbyggingum fyrir Landspítalann við Hringbraut. Það eru því ákveðin vonbrigði að meiri áhersla sé ekki lögð á heilbrigðiskerfið og að því skuli ekki vera forgangsráðað umfram annan ríkisrekstur. Verkefni eru stór framundan og það þarf augljóslega meira fjármagn til að kljást við þau.

Almenningur vill að heilbrigðiskerfi okkar standi í fremstu röð hvað varðar þjónustu, gæði og öryggi, það hafa skoðanakannanir ótvírátt sýnt á undanförunum árum. Heilbrigðismálin voru eitt af hita-málum síðustu kosninga og nauðsynlegt er að þau verði eitt aðalmál komandi kosninga. Vissulega hefur okkur miðað fram á veg undanfarin ár. En betur má ef duga skal, enda fjöldamörg verk óunnin.

Heimild

Fjármála- og efnahagsráðuneytið: Opinber fjármál 2017-2021. Fjármálastefna og fjármálaáætlun. fjarmalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Opinber-fjarmal-2017-2021.pdf

Málefna-svið	2017	2021
23 – Sjúkrahúsaþjónusta	77.171	91.610
24 – Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	38.866	42.338
25 – Hjúkrunarþjónusta og endurhæfingarþjónusta	42.106	46.495
26 – Lyf og lækningavörur	18.426	20.277
Samtals til heilbrigðismála	176.569	200.720
Samtals frumgjöld innan ramma	598.852	661.834

In the eve of general election

Þorbjörn Jónsson
MD, PhD, Consultant in Immunology
and Transfusion Medicine
Landspítali University Hospital, Reykjavík